

N1 hf.
b.t. Margrétar Guðmundsdóttur
Dalvegi 10-12
200 Kópavogur

Reykjavík 13. ágúst 2014

Ég undirritaður, Jón Sigurðsson, kt. 180378-4219, lýsi hér með yfir framboði mínu til stjórnar N1 hf., með vísan í auglýsingu N1 um hluthafafund sem haldinn verður þann 20. ágúst nk. Helstu upplýsingar um starfsreynslu mína og menntun er að finna í viðhengi.

Þar sem ég bauð mig fram til stjórnar N1 hf. á síðasta aðalfundi félagsins en dró framboðið til baka rétt fyrir aðalfundinn, í ljósi þess að Kauphöllin taldi vafa leika á hæfi mínu til setu í stjórn félaga með skráða fjármálagerninga, tel ég mikilvægt að koma eftirfarandi á framfæri.

Í framhaldi af því að meira en fimm ár eru liðin frá þeim atvikum sem Kauphöllin vísaði til óskaði ég eftir endurskoðun Kauphallarinnar á afstöðu hennar varðandi hæfi mitt. Í þeim samskiptum sem ég hef átt við Kauphöllina hef ég undirstrikað að ég ber virðingu fyrir reglum hennar og geri mér fulla grein fyrir að brot á reglum hennar og þeirri löggjöf sem hún byggir á eru alvarlegs eðlis og þá sérstaklega þær reglur sem varða upplýsingaskyldu til markaðarins. Ég hef skilning á þeim viðurlögum sem Kauphöllin taldi rétt að veita FL Group á sínum tíma og ítreka að ég mun í framtíðarstörfum mínum fyrir skráð fyrirtæki, hvort sem er sem stjórnarmaður eða í öðrum störfum, gæta þess að reglum um upplýsingagjöf verði fylgt í hvívetna með jafnræði fjárfesta að leiðarljósi.

Kauphöllin hefur nú staðfest við mig að hún muni ekki gera athugasemdir við framboð mitt eða setu í stjórn félaga með skráða fjármálagerninga. Ég tel nauðsynlegt að upplýsa markaðsaðila um ofangreint og óska því eftir því að N1 hf. birti þetta bréf sem viðhengi við frétt sína um framkomin framboð.

Virðingarfyllt,

Jón Sigurðsson